

Fundur 22.1.2024 Abdullah frá Bagdad, var uppi fyrir 900 árum.

Góða kvöldið,

*Góða kvöldið.*

Höfum við úr fjarlægum lífstöðvum ekki náð að komast í gegn og gleðjums við því þegar það tekst.

Að koma boðskap okkar til skila og höfum við í öllum atriðum reynt að fara eftir vísinda forskrift um það hvernig svona samband eigi sér stað.

Og ekki notað trúarinnar viðhorf, þar sem nauðsynlegt er að skilja þetta að þegar kemur að veraldlegum málefnum.

Og þykir okkur það merkilegt og tíðindi þegar okkur tekst að ná sambandi við gömlu jörðina.

Mikil átök geisa nú í heiminum á milli hins vestræna heims og annarra menningarsamfélaga og tilheyrum við þeim.

Fór ég á þeim tíma þegar menning okkar var í blóma og höfum við náð að halda við þeim menningar arfi og bæta við hann.

Og sérhvað það sem bætist við af menningar afrekum sigraðra þjóða nýtum við okkur og reynum að geyma það frekar en að leggja það í rúst eins og sumra er síður, jafnvel úr okkar trúar hópum.

Höfum við lengi fylgst með framvindunni á gömlu jörðinni og finnst okkur ekki vel stefna og höfum af því áhyggjur.

Höfum við lagt af sumt af því sem við tíðkuðum í þátíð, er við vorum á jörðinni og nú eru viðaukarnir við orð spámansins dýrmætari en frumritið fyrir marga.

Og hóparnir svo ósammála að ekki er hægt að tala um eina hreyfingu, heldur margar og er okkur það því fullljóst að sumir halda því fram að um sé að ræða sama Guðinn og Guð Gyðinganna.

En einnig halda því aðrir fram að það sé starfsheiti og margir hafi gegnt því í aldanna rás, en einnig eru margir spámennirnir og kenningar þeirra misjafnar og túlkunin á orðum þeirra.

Og höfum við til dæmis tekið upp samvinnu við evrópska og norræna menn, þá sem framarlega standa í því að byggja upp sín samfélög í vígbúnaði og hafa varist ógnum og byggt upp tengsla net og blómstrað í samstarfi.

Og eru það einnig margir af Gyðinga sveit sem snúið hafa frá sínum hefðbundna Guði og jafnvel tekið upp annan átrúnað og mótstöðu jafnvel við þann Guð, þannig að myndin er flókin í framlífi, þegar kemur að bandalögum.

En sá hinn gamli Drottinn hefur náð völdum á jörðinni gömlu og mætti margt um það segja, en fylgjumst við með því eins og margir aðrir, að samræmi sé í framvindunni og að sálirnar verði ekki teknar af óþörfu.

Get ég nú ekki talað mikið lengur, ætla ég að segja til mín, var upp í Bagdad í frumlífi mínu og heiti Abdullah.

Höfum við nú komist á framfara leið, meiri en við vorum á og reynum að sinna þegnum okkar vel, þannig að þeir hafi réttindi eins og kostur er, en engu að síður þurfum við að vígbúast eins og aðrir.

Ef það eru spurningar, get ég kannski svarað örfáum.

*Getur þú sagt okkur hvenær þú varst upp á jörðinni í Bagdad, á hvaða öld ?*

Já það eru níu hundruð ár.

*Já níu hundruð ár, fyrir níu hundruð árum,*

Já.

*Já já.*

*Fékkst þú nokkuð við, eða kynntist þú nokkuð stjörnufræði eða skáldskap og fræðum og vísindum, bókmenntum þegar þú varst á jörðinni ?*

Já ég var ekki vísindamaður sjálfur, en ég var í bókasafni og hafði samskipti við þá og við höfðum reglulega samverustundir, fundi og annað til að tilkynna um framfarir, uppgötvanir og hugmyndir og láta þá bera saman bækur sínar og já það voru merkilegir tímar.

Og við uppgötvuðum að vísu aldrei þetta samband á þeim tíma en gang himintunglanna reyndum við að mæla og notuðum til þess ýmislegt úr fræðum annarra þjóða.

Og var ekki laust við að margir tryðu því að stjörnurnar hefðu áhrif á örlög manna og jafnvel sumir sem trúðu því að þær væru Guðir, en það var þó ekki viðurkennt og talin erlend villa.

Já gaman að fá þessa spurningu, rifjar margt upp.

*Mig langar að spurja þig að einu sko, þessir sem sækja að ykkur á ykkar hnetti, á hvaða Guð trúa þeir ?*

Ja það er sá gamli.

*Það er sá gamli já.*

Já.

*Þakka þér fyrir þær upplýsingar kærlega.*

*Getið þið ekki reynt að leggja fram ykkar skerf til að lægja öldurnar sem núna ganga yfir mið austurlönd ?*

Jú það er reynt að gera það og það er einnig mikilvægt að hinir aðilarnir sýni stillingu og vonum að það gangi, við reynum að senda orku og biðjum einnig ykkar fólk að hjálpa okkar fólki eins og þeir reyna að gera.

Verð ég nú að kveðja, þakka ég fyrir mjög gott samband og sé að þetta er eitthvað á framfara leið.

*Þökkum þér fyrir.*

Þakka ég fyrir verið þið sæl.

*Vertu blessaður.*